



Gígóttar keilur á Tartarus Montes

Á Mars eru til margar gerðir gíga sem flestir hafa myndast við árekstra smástirna og halastjarna. Á þessu svæði teljum við þó að gígarnir hafi myndast við gufusprengingar. Þetta gerist á Jörðinni þegar glóandi hraun rennur yfir votlendi.